

## Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020.

Frá velferðarnefnd.

1. Við A.2 *Aðgerðir*. 1. tölul. orðist svo: Endurskoða barnatengdar greiðslur.
2. Við A.3 *Mælikvarðar*. 3. tölul. orðist svo: Lækka hlutfall íbúa sem þurfa 75% örorkumat eða hærra á aldrinum 18–66 ára úr 7,3% 2010 í 5,7% árið 2020.
3. Við A.3 *Aðgerðir*. 4. tölul. orðist svo: Gera ítarlega rannsókn á orsökum örorku annars vegar hjá konum og hins vegar hjá körlum þar sem m.a. reynsla af vinnuumhverfi og afleiðingar atvinnuleysis, slysa og ofbeldis verði könnuð sérstaklega.
4. Við A.4 *Aðgerðir*.
  - a. Á eftir orðinu „æðasjúkdóma“ í 1. tölul. komi: heilabilunarsjúkdóma.
  - b. Í stað orðanna „Undirbúa að“ í 4. tölul. komi: Undirbúa og.
  - c. Á eftir 4. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Undirbúa og hrinda í framkvæmd viðtæku fræðslu- og árvekníataki vegna einkenna blöðruhálskirtilskrabbameins.
  - d. 6. tölul. orðist svo: Fara yfir stöðu og skilgreina líknarþjónustu á landinu.
5. Við B.1 *Aðgerðir*. Á eftir orðinu „fötlun“ í 1. tölul. komi: aldraðra.
6. Við B.2 *Mælikvarðar*. 2. tölul. orðist svo: Hlutfall harðrar fitu og transfitusýra í fæðunni fari úr 15,2% í 13% af heildarorkuneyslu einstaklinga fyrir árslok 2020.
7. Við B.2 *Aðgerðir*. 1. tölul. orðist svo: Að hækka skatta og vörugjöld á óhollum vörum og lækka skatt á hollum vörum. Tekjur af álagningu á óhollustu verði nýttar til að standa straum af kostnaði við aðgerðir sem leiða til heilbrigðari lifnaðarháttá.  
Þessi aðgerð styður við B.3 Holdafar og B.9 Tannvernd.
8. Við B.4 *Markmið*. Í stað orðsins „vímuefna“ komi: ávana- og vímuefna.
9. Við B.4 *Mælikvarðar*.
  - a. Í stað „a.m.k.“ í 1. tölul. komi: að hámarki.
  - b. 5. tölul. orðist svo: Hlutfall fólks á aldrinum 15–89 ára í tekjulægsta þriðjungi sem reykir daglega lækki úr 20% árið 2012 í 15% árið 2020.
10. Við B.4 *Aðgerðir*.
  - a. Í stað orðanna „áfengis- og vímuvörnum“ í 1. tölul. komi: áfengis-, tóbaks- og vímuvörnum.
  - b. Í stað orðsins „tóbaksfíkn“ í 5. tölul. komi: nikótínfíkn.
  - c. Í stað orðanna „áfengis- og vímuefnaneyslu“ í 6. tölul. komi: áfengis-, tóbaks- og vímuefnaneyslu.
11. Við B.5 *Mælikvarðar*. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
  3. Umferðarslysum með líkamstjóni fækki um 25%.
  4. Vinnuslysum fækki um 25%.
12. Við B.5 *Aðgerðir*. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
  5. Núllslysasýn verði innleidd í umferðarmálum.
  6. Núllslysasýn verði innleidd á vinnustöðum.

13. Við B.6 *Aðgerðir*. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
  5. Átak verði gert í forvörnum, greiningu og meðferð á geðrænum vanda eldra fólks.
  6. Stofnuð verði sérhæfð öldrunargeðdeild.
14. Við B.8 *Aðgerðir*. 1. tölul. orðist svo: Auðvelda aðgengi að smökkum fyrir ungt fólk og áhættuhópa.
15. Við B.9 *Aðgerðir*.
  - a. 1. tölul. orðist svo: Læknar og hjúkrunarfræðingar sem sjá um ung- og smábarna-vernd leggi aukna áherslu á skoðun munnhols.
  - b. 3. tölul. orðist svo: Á vegum leikskólanna verði fræðsla fyrir börn og foreldra um tannhirðu.
16. Við B.10 *Mælikvarðar*. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Frá og með árinu 2016 verði núllslysasýn hjá öllum verktökum sem vinna á vegum opinberra aðila.
17. Við C.1 *Aðgerðir*. Á eftir orðinu „heilsugæslu“ í 2. tölul. komi: félagsþjónustu sveitarfélaga.
18. Við C.2 *Mælikvarðar/vörður*. 4. tölul. orðist svo: Að landsmenn hafi fyrir árslok 2015 aðgang að þverfaglegum teymum innan heilsugæslunnar sem taki til geðheilbrigðisvanda, fjölskylduráðgjafar og vandamála í tengslum við uppeldi, vímuefni, fíknisjúkdóma og óheilbrigðan lífsstíl.
19. Við C.2 *Aðgerðir*.
  - a. Á eftir orðinu „heilbrigðiskerfisins“ í 2. tölul. komi: t.d. í formi tilvísana.
  - b. 4. tölul. orðist svo: Fjölga námsstöðum heimilislækna.
20. Við C.3 *Aðgerðir*. Við 3. tölul. bætist: með tilliti til þjónustustýringar.
21. Við C.7 *Mælikvarðar/vörður*. 1. tölul. orðist svo: Að koma á samræmdri skráningu og samtengdri rafrænni sjúkraskrá fyrir allt landið fyrir árslok 2015.
22. Við C.7 *Aðgerðir*. 1. tölul. orðist svo: Komið verði á samhæfðu sjúkraskrárkerfi og innleiðingaráætlun fyrir heilbrigðiskerfið.